

192 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, þriðjudaginn 28 október kl.18.00 á Teams

Mætt voru; Ragnar Sæmundsson, Einar Brandsson, Elín Ósk Gunnarsdóttir, Pétur Davíðsson, Guðveig Eyglóardóttir, Sigurður Guðmundsson, Ingibjörg Þ. Steinudóttir, Jakob B. Jakobsson, Júníana Óttarsdóttir og Sigurbjörg Ottesen. Garðar Svansson sat fundinn í forföllum Jósefs Kjartanssonar. Auk þess sat fundinn Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og ritaði fundargerð

Ragnar Sæmundsson, formaður SSV, setti fund kl.18.00

Dagskrá

1. Fundargerð frá 191 fundi stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 191 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

2. Haustþing SSV 2025

Lögð fram dagskrá fyrir Haustþing SSV sem fer fram á Akranesi 29. október n.k. Einnig kynnt drög að ályktunum sem unnið verður að á þinginu. Stjórn staðfesti dagskrá þingsins.

3. Umsögn um frumvarp til fjárlaga

Framlögð umsögn SSV um tillögu að fjárlögum fyrir árið 2026. Stjórn ræddi helstu þætti umsagnarinnar og þær áherslur sem hún óskaði eftir að komið yrði á framfæri á fundi formanns og framkvæmdastjóra með fjárlaganefnd.

4. Afstaða SSV til breytinga á 97.gr. sveitarstjórnarlaga

Lagt fram minnisblað um breytingar á 97.gr. sveitarstjórnarlaga. Stjórn ræddi minnisblaðið.

5. Minnisblað frá fundi SSV og HVE

Lagt fram minnisblað frá fundi SSV með framkvæmdastjórn HVE. Fundurinn fór fram 21.október s.l., en á honum var m.a. rætt um eftirfylgni með samstarfsyfirlýsingu SSV og HVE. Fram kom að á fundinum var samþykkt að leggja áherslu á tvennt í samstarfi SSV og HVE á árinu 2026. Annars vegar að útbúa kynningarefni um starfsstöðvar HVE á Vesturlandi og sveitarfélögin þar sem þær eru staðsettar í þeim tilgangi að laða að öflugt starfsfólk og hins vegar að ráðast í verkefni til þess að efla fjarheilbrigðisþjónustu á Vesturlandi.

Fram kom að formaður og framkvæmdastjóri SSV sátu fund HVE með fulltrúum sveitarfélaga á starfssvæði sínu. Á þeim fundi var samþykkt að senda áskorun til fjárlaganefndar um að veita fjármagni til Menntasjóðs í þeim tilgangi að sjóðurinn gæti tekið þátt í að niðurgreiða námslán hjá starfsfólki heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni.

6. Skipan fulltrúa í Samráðsvettvang sóknaráætlunar Vesturlands

Lögð fram ný tillaga að skipan fulltrúa í samráðsvettvang Sóknaráætlunar Vesturlands. Framkvæmdastjóra falið að leita til viðkomandi aðila um að taka sæti í samráðsvettvangi.

7. Sóknaráætlun Vesturlands

Lagt fram minnisblað frá fundi SSV með Stýrihópi stjórnarráðsins um byggðamál, en hópurinn heimsótti Vesturland 22. október sl. og kynnti sér framgang sóknaráætlunar.

8. Farsældarráð Vesturlands

Á fundi mætti Bára Daðadóttir farsældarfulltrúi á Vesturlandi og kynnti drög að erindisbréfi fyrir Farsældarráð Vesturlands. Stjórn lýsti ánægju sinni með erindisbréfið og fól farsældarfulltrúa að kynna það fyrir sveitarfélögum og stofnunum sem eiga aðild að ráðinu.

9. Framlögð mál

Framkvæmdastjóri óskaði eftir því að fá að ræða starfsmannamál undir þessum lið. Stjórn samþykkti að heimila framkvæmdastjóra að leita til ráðningarstofu varðar ráðningu í tvö störf verkefnisstjóra sem eru laus hjá SSV.

Fundi slitið kl.19.10